

Nr. 52.  
16.  
nóvbr.

## Lög

um

bygging vita.

**Vjer Frederik hinn Áttundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Vita skal reisa við Dalatanga. Til þess að koma upp vitanum og bústað handa vitaverði, má verja 20,000 kr. úr landssjóði.

2. gr.

Nýjan vita skal reisa á Reykjanesi, og má til þess verja 84,000 kr. úr landssjóði.

3. gr.

Vita má reisa á Siglunesi fyrir árslok 1909. Til þess að koma upp vitanum má verja 10,000 kr. úr landssjóði.

4. gr.

Veitt skal á fjárlögunum það fje, sem árlega þarf til starfrækslu fyrnefndra vita.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

## Lov

om

nogle Fyranlæg.

Nr. 52.  
16.  
Novbr.

**Vi Frederik den Ottende**, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### § 1.

Ved Dalatangi anlægges et Fyr. Til Fyranlægget og Opførelsen af en Fyrpasserbolig kan anvendes 20,000 Kr. af Landskassen.

### § 2.

Paa Reykjanæs anlægges et nyt Fyr, hvortil kan anvendes 84,000 Kr. af Landskassen.

### § 3.

Paa Siglunæs kan der opføres et Fyr inden Udgangen af Aaret 1909. Til Fyrets Opførelse kan anvendes 10,000 Kr. af Landskassen.

### § 4.

De aarlige Udgifter til Driften af fornævnte Fyr bevilges paa Finansloven.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

**Islands Ministerium, den 16. November 1907.**

***H. Hafstein.***

***Ólafur Halldórsson.***